

Priðjudaginn 2. desember 1975.

Nr. 80/1974. **Almennar Tryggingar h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Sigurgeir V. Sigurgeirssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

og Sigurgeir V. Sigurgeirsson
gegn

Almennum Tryggingum h/f og
Vegagerð ríkisins
(Kristinn Glennarsson hrl.).

Dómentur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Legi Einarsson.

Bifreiðar. Skaðabætur. Húftrygging. Ábyrgð
Vegagerðar ríkisins.

Dómur Hæstaréttar.

Rúnar Guðjónsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvalla-
sýslu, kvað upp héraðsdóm.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 18. apríl
1974. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og máls-
kostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 23.
apríl 1974. Af hans hálfu var ekki sótt þing 3. febrúar 1975,
er mál hans skyldi fyrir taka, og féll málssókn hans þá niður.
Áfrýjaði hann síðan málinu með stefnu 17. febrúar 1975 sam-
kvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess,
að stefndi, Vegagerð ríkisins, verði dæmdur til að greiða hon-
um 189.959 krónur ásamt 8% ársvöxtum frá 21. febrúar 1973
til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.
Ef frumkröfur gagnáfrýjanda gegn stefnda, Vegagerð ríkis-
ins, ná ekki að öllu leyti fram að ganga, krefst hann þess, að
niðurstaða héraðsdóms um fjárgreiðslur á hendur aðaláfrýj-
anda, Almennum Tryggingum h/f, til hans verði staðfest.

Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Stefndi, Vegagerð ríkisins, krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Málavöxtum er réttilega lýst í héraðsdómi, en leitt er í ljós, að einungis eitt viðvörunarmerki, A — 9, var að vestanverðu við hvarf það í vegi, sem bifreið gagnáfrýjanda lenti í, er hún skemmdist með þeim hætti, er greinir í héraðsdómi.

I.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur stefnda, Vegagerð ríkisins.

Eigi verður talið, að starfsmenn stefnda, Vegagerðar ríkisins, hafi sýnt af sér slíka óvarkárni, að baki honum bótaskyldu gagnvart gagnáfrýjanda, sbr. 2. málsg. 65. gr. vegalaga nr. 23/1970, nú vegalaga nr. 66/1975. Ber með þeirri athugasemd að staðfesta héraðsdóm um þennan þátt málsins.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði stefnda, Vegagerð ríkisins, málskostnað fyrir Hæstarétti, 35.000 krónur.

II.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda, Almennum Tryggingum h/f.

Fallist er á þá úrlausn héraðsdóms, að aðaláfrýjanda beri að bæta gagnáfrýjanda tjón hans samkvæmt húftryggingarskilmálum þeim, sem raktir eru í héraðsdómi, enda verður eigi talið, að ábyrgðarfyrirvarar í skilmálum þessum firri aðaláfrýjanda þeirri skyldu. Enn fremur má fallast á úrlausn héraðsdóms um fjárhæðir þær, sem felldar eru á aðaláfrýjanda. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þær svo og um vexti og málskostnað.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 35.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómur á að vera óraskaður um kröfur gagnáfrýjanda, Sigurgeirs V. Sigurgeirssonar, á hendur

stefnda, Vegagerð ríkisins. Gagnáfrýjandi greiði stefnda 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur á að vera óraskaður um kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda, Almennum Tryggingum h/f. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 35.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 2. febrúar 1974.

Mál þetta var dómtekið 11. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi. Það er höfðað með stefnu, útgefinni 19. desember 1973, og var stefnan birt hinn 20. desember sl. Stefnandi er Sigurgeir V. Sigurgeirsson bifreiðarstjóri, Hofsvallagötu 15, Reykjavík. Hann stefnir Vegagerð ríkisins, Borgartúni 5-7, Reykjavík, og Almennum Tryggingum h/f, Pósthússtræti 9, Reykjavík. Kröfugerð stefnanda er þannig: „Aðalkrafa er gerð á hendur Vegagerð ríkisins að fjárhæð kr. 197.900.00 og auk þeirrar fjárhæðar krafizt 8% ársvaxta frá 21. febrúar s.l. til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins. Ef hinn virðulegi dómur sýknar stefnda af kröfum þessum, gerir stefnandi til vara þá kröfu á hendur Almennum Tryggingum, að þær verði dæmdar til að greiða honum 177.900.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 21. febrúar 1973 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar“. Við munnlegan málflutning breytti stefnandi kröfugerð sinni gagnvart stefnda Almennum Tryggingum, þannig að hann felldi niður kröfuliði sína um dagpeninga, kr. 60.000, og reikning vegna aðgerðar á Borgarspítala, kr. 500, eða alls kr. 60.500. Þannig lækkar krafa stefnanda á hendur stefnda Almennum Tryggingum um ofangreinda fjárhæð.

Stefndi Vegagerð ríkisins krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að stefnukrafan verði látin niður falla.

Stefndi Almennar Tryggingar h/f krefst sýknu af kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins.

Málavextir.

Að kvöldi þriðjudagsins 24. janúar 1973 ók stefnandi bifreið sinni, R 4211, eftir Suðurlandsvegi austur í Landeyjar í Rangárvallasýslu. Bifreið þessi er af gerðinni Toyota fólksbifreið. Veður

var gott, en myrkur var á og ísing á veginum. Tilgangur ferðarinnar var að sjá sem best úr landi eldgos, sem hófst í Vestmannaeyjum daginn áður. Þegar komið var langleiðina að Voðmúlastöðum í Austur-Landeyjum, á að giska klukkan 2330, veitti stefnandi athygli aðvörunarskilti um vegavinnu, en þá var ferð bifreiðarinnar eftir ágiskun 50—60 km/klst. Hægði hann ferðina, en varð fyrst einskis var, sem bent gæti til vegavinnu á þessum slóðum. Allt í einu sá stefnandi ræsi þvert yfir veginn, sem grafið hafði af völdum vatnsrennslis. Steyptist bifreiðin umsvifalaust, án þess að tækist að stöðva hana, niður í ræsið og rakst á ræsisbakkann hinum megin. Framendi bifreiðarinnar hentist upp úr ræsinu. Við hnjask þetta skemmdist bifreiðin mikið og varð óökufer. Stefnandi fékk högg á andlit, þegar hann lenti á stýrishjóli og framrúðu og fékk opinn áverka á nef, en farþegi í aftursæti fékk áverka á andlit og brjóst. Hinn farþeginn slapp ómeiddur.

Slys þetta var strax tilkynnt lögreglunni á Hvolsvelli, og fór hún þegar á vettvang og rannsakaði aðstæður allar og gerði vettvangsuppdrátt. Gerði lögreglumaðurinn mælingar á umfangi hvarfsins. Eru niðurstöður mælinganna sýndar á uppdrættinum, en hann liggur fyrir í málinu.

Samkvæmt lögregluskýrslu, fyrrnefndum vettvangsuppdrætti og skýrslu lögreglumannsins hér fyrir dóminum hagaði svo til á slysstað, að vatn hafði runnið yfir malarvegin og myndað þrjá skurði, með smáhöftum á milli, þvert yfir veginn. Skurðurinn í miðið var dýpstur, um 50—60 cm á dýpt, en í þeim skurði hafði bifreiðin staðnæmst. Sá skurður var um 2 metra á lengd og þvert yfir veginn. Aðvörunarskilti um vegavinnu (A — 9) stóð við veginn hægra megin, ef miðað er við akstursstefnu bifreiðarinnar, nálægt 50 metrum frá hvarfinu. Skömmu áður en slys þetta varð, hafði runnið úr veginum á sama stað, en við þá vegarskemmd hafði verið gert, og aðvörunarskiltið hafði staðið við veginn, frá því að sú viðgerð fór fram. Lögreglumaðurinn kvaðst telja, að útilokað hafi verið að aka yfir umrætt hvarf á venjulegri fólksbifreið á þeim tíma, sem slysið varð. Slóð hafði myndast eftir bifreiðar utan vegar, fram hjá hvarfinu. Hemlaför bifreiðarinnar voru um 10 metrar.

Verða nú raktir framburður aðilja og vitna, svo sem efni þykja til.

Stefnandi skýrði svo frá, að vegurinn hafi verið góður að öllu leyti, uns að þessari hindrun kom. Frost hafði verið, en vegurinn auður og engin ísing né hálka á honum, en um það leyti sem

lögreglan kom á staðinn, hafði farið að snjóa. Hann kvaðst hafa ekið þarna með á að giska 50—60 km/klst. hraða, en svo séð umferðarmerkið, sem táknaði vegavinnu. Kvaðst hann þá hafa dregið nokkuð úr ferð og reiknað með, að ósléttur vegur væri framundan, vegna þess að unnið hefði verið við hann. Ekki kvaðst hann þó hafa séð neina missmið á veginum, þrátt fyrir að hann hefði gætt sérstaklega að því, fyrr en skyndilega að hann hefði séð, að runnið hafði úr veginum. Kvaðst hann þá hafa nauðhemlað strax, en það hafi ekki nægt og bifreiðin lent ofan í úrrennslinu og stöðvast, svo sem áður sagði. Stefnandi kvaðst hafa kastast fram við höggið og lent með höfuðið á stýrishjólinu og framrúðunni, sem við það brotnaði. Hann kvaðst hafa farið á slysavarðstofuna í Reykjavík síðar þessa nótt og hefði þar verið saumaður saman skurður, sem hann hlaut á nefið.

Vitnið Margrét Halldóra Gunnarsdóttir, sem var farþegi í aftursæti bifreiðarinnar R 4211 í umræddri ferð, kvaðst hafa litið fram fyrir bifreiðina í þann mund, að stefnandi hemlaði, og kvaðst hún þá hafa séð hvarfið í veginum rétt fyrir framan bifreiðina. Hefði engum togum skipt, að bifreiðin fór ofan í það og stöðvaðist, en mikið högg kom á bifreiðina. Vitnið kvaðst muna óljóst eftir því, hvernig hvarfið leit út, en þó kvaðst hún telja það hafa verið þvert yfir veginn. Hún kvaðst lítið hafa séð af vettvangi, þar sem hún slasaðist nokkuð.

Vitnið Gunnar Guðmundsson, farþegi í framsæti bifreiðarinnar í umrætt skipti, kvaðst hafa veitt því eftirtekt, að þarna var um að ræða úrrennsli þvert yfir veginn, ca 60—70 cm djúpt. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir vegavinnuskilti utan vegar, ca 50 metrum áður en komið var að hvarfinu. Kvað hann legg þann, sem skiltið stóð á, hafa verið hálfgerð í kafi. Vitnið kvað stefnanda hafa dregið úr hraða, þegar hann sá aðvörunarskiltið, og síðan hemlað, um leið og hvarfið kom inn í ljósgeisla bifreiðarinnar, en engum togum hafi skipt, að bifreiðin lenti á bakka hvarfsins og kastaðist upp úr því aftur með framhlutann og stöðvaðist. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt athygli vegarslóð fram hjá hvarfinu fyrr en eftir slysið. Vitnið kvaðst telja, að útilokað hefði verið að aka yfir umrætt úrrennsli á litlum fólksbíl, en e. t. v. hefði það verið hægt á jeppa.

Í skýrslu Eysteins Einarssonar vegaverkstjóra í Rangárvallasýslu, sem staðfest hefur verið fyrir dóminum, segir svo: „Landeyjavegur syðri liggur á þeim stað, sem umrætt slys varð, er mál þetta er risið út af, um sléttan sand, en ofurlítill halli er að veg-

inum úr austri. Í rigningartíð rennur vatn af hallanum og um ræsi, sem er skammt norðan við slysstaðinn. Skömmu áður en umrætt slys varð, var mér tilkynnt, að runnið hefði úr veginum, og var þá strax hafist handa um viðgerð, fyllt í skarðið og jafnað með veghefli. Á meðan vegaviðgerð þessi átti sér stað, voru sett upp umferðarskilti A — 9 og A — 10, en þar sem hugsanlegt var, að aftur rynni vatn yfir veginn, þá létum við merkin standa, en veginum er svo háttað á þessum stað, að hann er jafnsléttur landinu og getur því runnið yfir hann, án þess að hann verði hættulegur umferð, ef varlega er farið. Mér hafði ekki borist nein vitneskja um, að vegurinn hefði aftur versnað á þessum stað, fyrr en eftir að slysið átti sér stað. Var vegurinn þá jafnaður með heflum. Tel ég, að vegurinn hafi verið fær öllum bifreiðum á þeim tíma, er slysið varð, ef farið var um með varúð“.

Svo sem fram kemur á vettvangsuppdrætti og áður hefur verið að vikið, hafði myndast braut utan vegar, til hliðar við umgetið hvarf, en þessa braut munu flestar bifreiðar, sem leið áttu um veg þennan, hafa farið á þessum tíma vegna hvarfsins.

Stefnandi, sem er atvinnubifreiðarstjóri, var án bifreiðar sinnar frá 24. janúar 1973 til 20. febrúar s. á. samkvæmt greinargerð hans.

Málsástæður og lagarök.

Aðalkröfu sína á hendur stefnda Vegagerð ríkisins reisir stefnandi á því, að stefnda beri að sjá um, að ekki séu opnir skurðir á þjóðvegum. Eins og fram kom í lögregluskýrslu, hafi áður fyrr verið þarna ræsi undir veginum. Það hafi verið tekið, vegna þess að það fylltist gjarnan af sandframburði. Síðan hafi vegurinn skorist sundur af vatni. Telji hann því vera stórkostlegt gáleysi af starfsmönnum stefnda Vegagerðar ríkisins að ganga ekki þannig frá brú á þessum stað, að ekki þurfi að hafa skurð í veginum. Og ef látið var viðgangast, að skurðir væru í veginum um nokkurn tíma, þá bar skýlaust að setja skilti í miðjan veginn til viðvörunar um hættuna, en ekki einungis vegavinnuskilti utan vegar. Eðlilegast hefði verið að hafa viðvörunarvita við skurðinn. Samkvæmt þessu telur stefnandi, að eins og háttað var þarna, hefði stefnandi ekki getað forðast slysið, þótt hann hefði sýnt ýtrustu gát, sbr. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 23/1970.

Varakröfu sína á hendur stefnda Almennum Tryggingum h/f reisir stefnandi á húftryggingarsamningi, en hann hafði húftryggt bifreið sína hjá stefnda. Telur stefnandi slysið ótvírætt flokkast undir árekstur og hrap, sbr. 8. gr. skilmálanna.

Kröfur sínar hefur stefnandi sundurliðað þannig:

1. Varahlutir frá Toyotavarahlutaumboðinu h/f ..	kr. 44.644
2. Rétting í Bílaskálanum h/f	— 54.265
3. Eyðilagður rafgeymir	— 3.550
4. Dráttur á bílnum til Reykjavíkur	— 5.000
5. Vextir af víxlum til að greiða viðgerð	— 7.941
6. Dagpeningar í 24 virka daga, kr. 2.500 á dag ..	— 60.000
7. Áætlaður kostnaður við viðgerð á stefnuljosi og „hoodlista“	— 2.000
8. Reikningur Borgarspítala Reykjavíkur vegna aðgerðar	— 500

Samtals kr. 177.900

Auk þessa gerir hann miskabótakröfu á hendur stefnda Vegagerð ríkisins að fjárhæð kr. 20.000.

Varakröfu sína á hendur stefnda Almennum Tryggingum h/f að fjárhæð kr. 117.400 er sundurliðuð á sama hátt og að framan greinir að undanskildum kröfuleiðum 6 og 8, sem stefnandi felldi niður, svo og að undanskilinni miskabótakröfunni.

Sýknukröfu sína byggir stefndi Vegagerð ríkisins aðallega á 65. gr., 2. mgr., laga nr. 23/1970. Telur hann, að starfsmenn sínir hafi ekki sýnt af sér gáleysi, heldur þvert á móti, sérstaklega með uppsetningu aðvörunarmerkja, beggja vegna lægðarinnar, sýnt alla þá aðgæslu, sem af þeim verður krafist. Þó megi glögglega sjá af málavöxtum, að stefnandi hafi sýnt af sér svo mikla óaðgæslu, að stefndi telur, að sök á slysinu liggi að öllu leyti hjá honum sjálfum. Hann hafi ekið fram hjá aðvörunarmerki án þess að draga verulega úr ferð bifreiðarinnar. Sé ljóst, að stefnandi hefði auðveldlega getað forðast óhappið, ef hann hefði sýnt þá aðgát, sem lögboðin sé í 38. gr., 1. mgr., og 49. gr., 2. og 3. mgr. t og n lið, laga nr. 40/1968, enda hyggur stefndi, að erfitt verði fyrir stefnanda að sanna, að slysi hefði ekki orðið afstýrt, þótt hann hefði sýnt ýtrustu varkárni. Hvort tveggja sé, að með gætni hefði mátt aka yfir dældina, án þess að tjón hlytist af, og einnig hefði verið hindrunarlaus leið fram hjá lægðinni.

Auk þessa mótmælir stefndi Vegagerð ríkisins sérstaklega kröfum stefnanda um bætur vegna atvinnutjóns og miska sem allt of háum, óraunhæfum og órökstuddum.

Stefndi Almennar Tryggingar h/f byggir sýknukröfu sína á

vátryggingarskilmálunum. Samkvæmt 9. gr. vátryggingarskilmálanna, o-þ lið, hafi stefndi undanskilið sig ábyrgð á tjóni sem þessu. Samkvæmt o lið hafi félagið undanskilið sig ábyrgð á skemmdum, sem hljótast af því, að ökutæki taki niðri á ójafnri akbraut, svo sem hrygg eftir veghefil, jarðfast og laust grjót við akbraut eða akbrautarbrún. Sé hér átt við skemmdir á undirvagni svo og gírkassa, drifi og rafgeymi. Er því afdráttarlaust haldið fram, að tjón sem þetta beri að heimfæra undir þessa undanþáguliði, einkum með tilliti til þess, að stefnandi hafi sýnt af sér mjög vítavert gáleysi í akstri (sbr. e lið 9. gr.) og ekki sinnt aðvörunarmerki, sem hann viðurkenni þó að hafa orðið var við, enda er á það bent, að hvort tveggja var, að hliðarvegur lá meðfram torfæru þeirri, sem ökumaður ók í, svo og að með gætni mátti vel aka yfir hinn ójafna veg án þess að skemma bifreiðina. Einnig beri að taka tillit til þ liðs sömu greinar, þar sem undanskilið er tjón vegna náttúruhamfara, en ójafna sú, sem á veginum var, hafi einmitt orsakast af óvenju miklum rigningum á þeim tíma árs, sem klaki er að fara úr vegum, og hefði því hver góður og samviskusamur bílstjóri mátt reikna með slíkum misjöfnum á veginum. Óaðgæsla ökumanns falli, eins og fyrr segi, undir ákvæði í e lið 9. gr. skilmálanna, þar sem undanskilin er ábyrgð, ef ökumaður hefur sýnt af sér stórkostlega óvarkárni. Ökumaður sinni ekki aðvörunarmerkinu, sem hann þó sjái, en aki með miklum hraða áfram. Hvað hefði skeð, ef menn hefðu verið að vinna við lagfæringu á þessari ójöfnu?

Stefndi gerir ekki tölulega athugasemd við fyrstu 3 kröfuliði stefnanda, enda liggi fyrir reikningar frá viðurkenndu verkstæði um þessi útgjöld. 4. liður, dráttur á bifreið til Reykjavíkur, kr. 5.000, sætir heldur ekki neinum athugasemdum tölulega, þótt ekki liggi fyrir kvittaðir reikningar yfir þann kostnað. 5. liður, sem nefndur er vextir af vixli til að greiða viðgerð, er algerlega mótmælt. Stefnandi krefjist í stefnu 8% ársvaxta frá því hann greiddi tjónið, þ. e. frá 21. febrúar 1973, til greiðsludags, og sé því raunverulega að krefjast vaxta-vaxta, ef þessi liður væri tekinn með í kröfugerðina. Sérstaklega er mótmælt 8% vaxtakröfu, þar sem gildandi dómvenja sé að dæma 7% vexti. Engar athugasemdir gerir stefndi við 7. lið kröfugerðarinnar.

Niðurstaða.

Dómarinn tekur fram, að enda þótt kröfur stefnanda á hendur hinum stefndu séu ekki byggðar á sömu lagaákvæðum og laga-sjónarmiðum, þá sé rót krafanna hin sama, þ. e. a. s. einn og

sami tjónsatburðurinn, þannig að ekki virðast efni til að vísa málinu frá dómi ex officio af þeim sökum, en frávísunarkrafa hefur ekki verið höfð uppi í málinu.

Vegur sá, sem hér um ræðir, er þjóðvegur.

Enginn ágreiningur er um það milli stefnanda og stefnda, að bifreið stefnanda skemmdist við að lenda í hvarfi því á veginum, sem hér er um rætt.

Í ljós þykir leitt þrátt fyrir fremur ónákvæmar mælingar á umfangi umrædds vegarhvarfs, að það hafi verið ófært eða að minnsta kosti illfært fólksbifreiðum sem þeirri, er í máli þessu greinir, og eins víst, að bifreiðar, sem í því lentu, yrðu fyrir skemmdum.

Einnig er í ljós leitt, að vegarslóð var fram hjá umræddu hvarfi, utan vegar, og jafnframt að aðvörunarskilti A — 9 var hægra megin vegar í akstursstefnu bifreiðarinnar, ca 50 metrum frá hvarfinu, þá er slysið varð.

Svo sem fram hefur komið, gerir stefnandi aðallega kröfu um bætur úr hendi stefnda Vegagerðar ríkisins, en að henni sýknaðri er gerð til vara krafa á hendur stefnda Almenntum Tryggingum h/f.

Verður því fyrst fyrir að athuga, hvort vanræksla starfsmanna stefnda Vegagerðar ríkisins hafi verið slík í þessu tilviki, að stefnandi eigi rétt til bóta úr hans hendi.

Í málinu er það fram komið, að viðgerð hafi farið fram á umræddum vegi á þeim stað, sem slys þetta varð, skömmu áður, enda hefði þá runnið úr honum. Viðgerð þessi mun að vísu hafa verið bráðabirgðaviðgerð eða þannig framkvæmd, að fyllt var í skarðið og jafnað með veghefli, enda e. t. v. ekki heppilegur árstími til varanlegrar vegagerðar. Á meðan á umræddri vegaviðgerð stóð, voru sett upp aðvörunarskiltin A — 9 og A — 10 beggja vegna vegarskemmdarinnar og þau síðan látin standa þar áfram, eftir að vegaviðgerð lauk, „þar sem hugsanlegt var, að aftur rynni vatn yfir veginn“, svo sem segir í skýrslu Eysteins Einarssonar, vegaverkstjóra í Rangárvallasýslu, á dskj. nr. 15.

Þegar þessara varúðarráðstafana af hálfu vegagerðarmanna er gætt svo og þess, að vitað er, að mikil umferð var um umræddan veg, eftir að Heimaeyjargos hófst þá rétt áður, eða aðfaranótt 23. janúar, án þess að nokkur óhöpp hafi hent bifreiðar, svo vitað sé, svo og þegar það er haft í huga, að engin kvörtun hafði borist vegaverkstjóra um, að vegurinn væri hættulegur umferð, og einnig að vegfarendur gátu búist við spillingu vega vegna undan-

farandi rigningartíðar, þá verður að telja, að starfsmenn stefnda Vegagerðar ríkisins hafi ekki sýnt hér af sér þá óvarkárni, sem fellt gæti skaðabótaábyrgð á slysi þessu á stefnda Vegagerð ríkisins, sbr. og 2. mgr. 65. gr. vegalaga nr. 23/1970.

Ber samkvæmt þessu að sýkna stefnda Vegagerð ríkisins af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður þeirra í milli falli niður.

Eftir er þá að athuga hugsanlega bótaábyrgð stefnda Almennra Trygginga h/f.

Svo sem fram hefur komið, byggir stefnandi kröfu sína á hendur stefnda Almennum Tryggingum h/f á húftryggingarsamningi þeirra vegna bifreiðar stefnanda og telur, að slysið flokkist ótvírætt undir 8. gr. skilmálanna, enda ekki undanskilið því ákvæði með neinu undantekningarákvæði skilmálanna.

Stefnandi hafði gert húftryggingarsamning um bifreið sína, R 4211, við stefnda Almennar Tryggingar h/f með viðauka við kaskótryggingarskírteini, útgefið 27. desember 1972, sbr. dskj. nr. 16.

Um bótaskylduna í 8. gr. vátryggingarskilmálanna á dskj. nr. 5 segir svo: „Félagið bætir skemmdir á ökutækinu sjálfu, af eldingu, eldsvoða og sprengingum, sem stafa af honum, árekstri, áakstri, veltu og hrapí eða af því, að ökutækinu er stolið eða rænt, svo og af flutningsslysi ...“.

Fallast má á það með stefnanda, að tjón hans sé bótaskyldt samkvæmt þessu ákvæði, enda geti tilvikið hvort sem er fallið undir hrap eða áakstur.

Í skilmálunum er enga skilgreiningu að finna á framangreindum hugtökum, en út frá almennri málvenju eru orðin viðtækrar merkingar, og verður við það að miða hér.

Þá er að athuga, hvort skemmdir bifreiðarinnar eru undanskildar ábyrgð félagsins samkvæmt 9. gr. skilmálanna, svo sem stefndi Almennar Tryggingar h/f hefur sérstaklega haldið fram og einkum vitnað til ákvæðanna í töluliðunum o, p og e.

Ekki verður talið, að tjón stefnanda verði rakið til ásetnings hans eða svo stórkostlegs gáleysis, að e liður 9. gr. eigi hér við.

Rétt þykir að taka hér upp ákvæði o liðs 9. gr. skilmálanna, þar sem það ákvæði virðist aðallega koma hér til athugunar, enda byggir stefndi mótmæli sín fyrst og fremst á því. Ákvæðið hljóðar svo: „Skemmdir á ökutækinu, er stafa af snöggri beitingu hemlanna, af akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásnum, fjöðrum, gírkassa, drifi, rafgeymi og öðrum hlutum í

eða á undirvagni ökutækisins, skemmdir vegna þess, að hreyfillinn bráðnar saman, svo og aðrar skemmdir, sem hljótast af því, að ökutækið tekur niðri á ójöfnum akbrautum, svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföstu og lausu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir. Einnig skemmdir, er verða, þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri“.

Tjón stefnanda þykir hafa orðið með það sérstökum hætti, að ekki verði rakið til þess, sem í ofanefndu ákvæði greinir, enda verður váttryggingarfélagið að bera hallann af óljósu orðalagi ákvæðisins samkvæmt almennum túlkunarreglum slíkra samninga.

Fráleitt þykir, að skemmdir á bifreið stefnanda geti talist stafa af náttúruhamförum, sbr. p lið 9. gr., svo sem stefndi hefur haldið fram.

Samkvæmt þessu ber stefnda Almennum Tryggingum að bæta tjón stefnanda með þeim hætti sem nú verður rakið: Kröfuliðum 1—3 (varahlutirnir, kr. 44.644, réttung, kr. 54.265, og rafgeymir, kr. 3.550) hefur stefndi ekki mótmælt tölulega, og verða þeir því teknir til greina að öllu leyti, enda þykir ekkert athugasemdvort við þá. Kröfuliður 4, dráttur á bifreið til Reykjavíkur, kr. 5.000, sætir heldur ekki þeim athugasemdum af hálfu stefnda, að dómarrinn telji ástæðu til umfjöllunar, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur. 5. kröfulið, sem nefndur er vextir af víxli til að greiða viðgerð, er algerlega mótmælt af hálfu stefnda. Fallast verður á það með stefnda, að ekki séu efni til að taka kröfulið þennan til greina, svo sem kröfugerð stefnanda er að öðru leyti háttað. 6. kröfulið, um dagpeninga, felldi stefnandi niður úr kröfugerð sinni gagnvart stefnda Almennum Tryggingum h/f, svo sem áður hefur verið frá greint. Þar eð stefndi gerir ekki athugasemd við 7. kröfulið stefnanda varðandi áætlaðan viðgerðarkostnað á stefnulósum, verður hann tekinn til greina óbreyttur. Kröfulið 8, reikning frá Borgarspítala vegna læknisaðstoðar, hefur stefnandi felld niður úr kröfugerð sinni gagnvart stefnda, svo sem fyrr er frá greint.

Í húftryggingarskilmálunum er svofellt ákvæði: „Af sérhverju tjóni, er verða kann á bifreiðinni, ber eigandi sjálfsábyrgð, er nemur kr. 10.000.00“. Ber að draga upphæð þessa frá framangreindum fjárhæðum.

Samkvæmt framanskráðu ber stefnda Almennum Tryggingum h/f að greiða stefnanda kr. 99.459 (44.644 + 54.265 + 3.550 + 5.000 + 2.000 ÷ 10.000) ásamt 7% ársvöxtum frá 21. febrúar

1973 til 16. maí s. á. og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum er rétt, að stefndi Almennar Tryggingar h/f greiði stefnanda kr. 33.000 í málskostnað.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna mikilla embættisanna.

Dómsorð:

Stefndi Vegagerð ríkisins skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurgeirs V. Sigurgeirssonar, í máli þessu, en málskostnaður þeirra í milli falli niður.

Stefndi Almennar Tryggingar h/f greiði stefnanda kr. 99.459 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. febrúar 1973 til 16. maí s. á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 33.000 í málskostnað.

Dóminum skal fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. desember 1975.

Nr. 164/1975. **Emma Þorsteinsdóttir og Jón Þorsteinsson**
 gegn
Þorsteini Aðalsteinssyni
Gunnari Þorsteinssyni og
Þorsteini Þorsteinssyni.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna. Landskipti. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 7. nóvember 1975, sem Hæstarétti barst 20. s. m., hafa sóknaraðiljar kært úrskurð, uppkveðinn á aukadómþingi Þingeyjarsýslu 29. október 1975. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðs-